

Sb.

137. Tillaga til þingsályktunar

[85. mál]

um aukningu á dagskrárfé útvarpsins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga fjármál og rekstur ríkisútvarpsins með það fyrir augum að leiða í ljós, hvort ekki sé unnt að verja meira fé til útvarpsefnis af tekjum þess en nú á sér stað.

Greinargerð.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 er ráð fyrir því gert, að tekjur ríkisútvarpsins verði 4.8 millj. kr. Af þessu fé á að verja aðeins 1 millj. kr. eða liðlega fimmtungi til greiðslu fyrir útvarpsefni. Þess er þó rétt að geta, að kostnaður við fréttabjónustu er hér ekki talinn með dagskrárkostnaði. Í augum þjóðarinnar er ríkisútvarpið fyrst og fremst sú dagskrá, sem flutt er hlustendum. Undanfarið hefur hlutdeild dagskrárinnar í heildartekjum útvarpsins farið minnkandi. Nokkur síðast liðin ár hefur útvarpsráð ótalið getað varið nokkru meira fé til útvarpsefnis en gert hefur verið ráð fyrir í áætlunum, enda hafa fjárlög verið síðbúin, en nú mun menntamálaráðuneytið hafa takmarkað slíka heimild. Er í sjálfu sér gott eitt um það að segja, að gengið sé eftir því, að fjárhagsáætlunum sé fylgt, en hér hefur það orðið til þess, að útvarpsráð hefur nú til umráða mun minna fé en áður til þess að afla útvarpsefnis. Almennigur mun eindregið óska þess, að vandað sé sem mest til dagskrárinnar, enda er útvarpið ein vinsælasta og áhrifaríkasta menningarstofnun þjóðarinnar. Það verður að teljast mjög óeðlilegt, að nauðsynlegur sparnaður sé látinn bitna á útvarpsefninu fyrst og fremst eða einvörðungu, eins og virðist hafa átt sér stað. Sé nauðsynlegt að draga úr heildargjöldum útvarpsins, virðist liggja beinna við að spara eitthvað af þeim kostnaðarliðum, sem nú nema um $\frac{1}{3}$ hlutum heildarteknanna. Þvert á móti þarf fremur að auka fjárveitingar til dagskrárinnar en draga úr þeim.

Með tilliti til þess, að dagskrárkostnaðurinn er aðeins rúmlega fimmtungur af heildarkostnaði stofnunarinnar, virðist ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að hægt væri að auka dagskrárféð, að óbreyttum heildartekjum. Tillaga þessi er fram borin í því skyni, að gengið verði úr skugga um þetta. Verði niðurstaðan sú, að ekki sé unnt að verja meira fé til útvarpsefnis að óbreyttum tekjum, kæmi mjög til álita að hækka afnotagjöldin og þá ef til vill breyta algerlega um aðferð við innheimtu þeirra. Mergur þessa máls er sá, að brýna nauðsyn ber til að auka fjárveitingu til útvarpsefnis frá því sem nú er og verið hefur, hvort sem farin verður sú leið að draga úr öðrum kostnaði eða hækka afnotagjöldin.